

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958
fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 30. september 1968 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1968 með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

1. gr.

2. tl. 51. gr. falli brott.

Enn fremur falli niður II. liður 52. gr.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. september 1968.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

9. október 1968.

Nr. 73.

LÖG

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara,
tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 30 18. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga inn í lög nr. 44 3. apríl 1963 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnærprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

7. gr.

Rétt til að kalla sig byggingafræðinga (byggningskonstruktör) hafa hér á landi þeir einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

8. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingafræði frá byggingafræðilegum æðri skóla, sem Byggingafræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig byggingafræðinga.

9. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðið „ingeniör“.

10. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1000 til 10 000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.